

Umhverfisnefnd Alþingis.  
Frú Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður,  
Alþingi við Austurvöll,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 3. mars 2004.

**Efni: Náttúruverndaráætlun 2003-2008, drög í maí 2003 frá Umhverfisstofnun.**

Undirritaður lögmaður, f.h. eigenda lögbýlisins og jarðarinnar Selskarðs í Garðabæ, óska hér með eftir að gera athugasemdir við tillögur um verndun sem getið er um í skýrslunni “Náttúruverndaráætlun 2003-2008, drög í maí 2003 frá Umhverfisstofnun” um verndun Álftanes-Skerjafjörður. Í því sambandi er einnig vísað til fundar míns og umbjóðenda minna með forstjórum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar hinn 4. júlí 2003, sem og bréfs míns til Umhverfisstofnunar, dags. 10. júlí 2003.

Á tilvitnuðum fundi fundi kom skýrt fram að önnur áform en verndun væru um nýtingu Selskarðs á Álftanesi. Allar tillögur um verndun rækjust því að verulegu leyti á nýtingaráform eigenda og umráðamanna eignarinnar. Var óskað eftir því að tillögum um verndun yrði breytt. Eigendur og umráðamenn hafa skipulagt eign sína og munu á næstu dögum óska eftir viðræðum við bæjaryfirvöld í Garðabæ um deiliskipulag á eigninni, sbr. 23. og 24. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Rétt er að taka fram að umbjóðendur mínir þinglýstu hinn 1. apríl 2003 skipulagi á eignina.

Umbjóðendur mínir hafa tjáð mér að tillögur um verndun í fjöru Lambhúsatjarnar komi alls ekki til greina eins og verndunartillögur sem birtast á uppdrætti fyrrgreindra stofnana um verndunartillögur sýna. Eigendur eru hins vegar reiðubúnir til að ræða hugsanlega tillögu um verndun í fjöru Skógtjarnar og á efra landi Garðakirkju við Búrfell og Búrfellsgjá.


Á sínum tíma fór ég þess á leit við Umhverfisstofnun fyrir hönd umbjóðenda minna að tillögu um verndun á jörðinni Selskarði yrði breytt þannig að lína sem sýnir u.þ.b. hæstu mörk sjávar í fjöru Lambhúsatjarnar og um leið verndunarlínu Umhverfisstofnunar yrði færð út að miðlínu milli Selskarðs og Bessastaða. Þessari beiðni umbjóðenda minna var aldrei hafnað formlega. Þar af leiðandi stóðu þeir í þeirri trú að breyting þessi á skýrslunni hefði verið samþykkt.

Á fundi í Bessastaðahreppi 24. febrúar 2004 um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008 á svæðinu Álftanes-Skerjafjörður kom í ljós að verndunartillaga var enn óbreytt á Selskarði við Lambhúsatjörn. Fram kom hjá umhverfisráðherra að ekkert yrði gert viðvíkjandi náttúruverndaráætlun nema í samráði við landeigendur. Að sögn umbjóðanda minna var ekki annað að skilja á ráðherra en að samþykktu landeigendur ekki verndun yrði ekki úr náttúrvernd á viðkomandi svæði.

Að mati umbjóðenda minna er nauðsynlegt að koma þessum upplýsingum formlega á framfæri við Alþingi. Áður en mál þetta verður lagt fram sem þingsályktunartillaga er þess krafist að fyrrgreind lína í fjöru Lambhúsatjarnar verði færð til, í skjölum sem

fylgja þingsályktunartillögu, í samræmi við hugmyndir þinglýstra eigenda, einnig í samræmi við yfirlýsingar umhverfisráðherra um vilja eða samþykki landeigenda. Óska umbjóðendur mínir sérstaklega eftir fundi með umhverfisnefnd Alþingis, þar sem hægt væri að upplýsa betur um staðreyndir mála og stjórnarskrárvarinn eignarrétt umbjóðenda minna. Sé óskað frekari upplýsinga eða gagna verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllst,



Eyvindur G. Gunnarsson hdl.

Meðfylgjandi:

1. Þinglýst skipulag af eigninni Selskarði á Álftanesi.
2. Skýrsla Birgis Jónssonar og dr. Sigurðar Erlingssonar, dags. 2. janúar 2002, ásamt tveimur fylgiskjölum.
3. Bréf, dags. 10. júlí 2003, frá lögmanni eigenda Selskarðs til Umhverfisstofnunar.